



Sveitarstjórnarfundur 16. apríl 2024

Þriðjudaginn 16. apríl 2024 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 20. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Arnlín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið nr. 16 og 17

Hildur Aradóttir leitar afbrigða sbr. lið nr. 18

Dagskrá 20. fundar:

1. Fundargerð 19. sveitarstjórnarfundar 28.02.2024
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrir fundir
4. Breyting á Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030
5. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins
6. Lýsing Svæðisskipulags Vestfjarða
7. Framkvæmdir 2024
8. Fulltrúar Kaldrananeshrepps í fulltrúaráð
9. Bakvaktir barnaverndarþjónustu á Vestfjörðum
10. Áskorun Sambands íslenskra sveitarfélaga til sveitarfélaga
11. Bréf frá umboðsmanni barna
12. Styrktarbeiðni Strandapóstins
13. Styrktarbeiðni Vikingsins 2024
14. Styrktarbeiðni Lands og sögu – Icelandic Times
15. Beiðni Ferðafélagans 2024
16. Verkefnastaða iðnaðargarðs
17. Erindi varðandi bundið slitlag í Kaldrananeshreppi
18. Styrktarbeiðni fyrir útsýnisskilti

Fundargerð:

1. Fundargerð 19. sveitarstjórnarfundar 28.02.2024.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

3. Aðrar fundargerðir

- a. Annar fundur framkvæmdaráðs Velferðarþjónustu Vestfjarða, 19.03.2024
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- b. Fundargerð samráðsfundar, 10.11.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- c. Fundargerð stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða, 18.03.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- d. Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, 27.03.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- e. Fundargerð Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, 06.03.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga, 944. fundur stjórnar, 23.02.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga, 945. fundur stjórnar, 28.02.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- h. Samband íslenskra sveitarfélaga, 946. fundur stjórnar, 15.03.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Breyting á Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030

Fyrir liggur vinnslutillaga að aðalskipulagsbreytingu á Drangsnesi. Meginforsenda þessa breytinga er vilji sveitarstjórnar til að nýta betur innviði við Vitaveg með því að byggja einnig ofan götunnar og leiðréttu í leiðinni misræmi í gildandi aðalskipulagi.

Breyting lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir og veitir jákvæða umsögn.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

5. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins

Auglýst var eftir verkstjóra til að vera með unglíngavinnuna sumarið 2024 þann 27. mars síðastliðinn á vefsíðu hreppsins og samfélagsmiðlinum Facebook.

Helstu verkefni eru skilgreind sem:

- Ber daglega ábyrgð og yfirumsjón á skipulagningu og starfsemi vinnuskólans.
- Vinnur markvisst að því að efla liðsheild og góða líðan starfsfólks
- Vinnur markvisst að því að efla liðsheild og góða líðan starfsfólks.
- Hefur frumkvæði að lausn verkefna á því sviði sem undir hann heyra og hann starfar að.
- Staðfestir vinnutíma starfsmanna og skilar til launafulltrúa.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann.

Engar umsóknir bárust vegna umrædds starfs.
Sveitarstjórn ákveður að lengja umsóknarfrest starfsins.
Borið upp og samþykkt.

6. Lýsing Svæðisskipulags Vestfjarða

Fyrir liggur skipulags- og matslýsing fyrir gerð Svæðisskipulag Vestfjarða. Ákvörðun um að vinna svæðisskipulag fyrir Vestfirði byggir á ályktun 67. frá Fjórðungsþingi Vestfirðinga.

Svæðisskipulag Vestfjarða er sameiginleg stefna sveitarfélaganna á Vestfjörðum um byggðaðróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna.

Lýsing lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að skipulags- og matslýsingu Svæðisskipulags Vestfjarða.

Sveitarstjórn áskilur sér rétt til þess að senda tillögur og athugasemdir á seinni stigum.
Borið upp og samþykkt.

7. Framkvæmdir 2024

Sveitarstjórn ræðir þær framkvæmdir sem huga þarf að á árinu 2024.

Þær framkvæmdir sem ræddar voru:

- Hitaveita norðan við Drangsnæs
- Viðhald Grunnskólans á Drangsnési
- Viðhald Sundlaugarinnar á Drangsnési
- Viðhald fasteigna.
Oddvita falið að gera ástandsskoðun á leiguhúsnæðum sveitarfélagsins.
- Malbikun á Drangsnési.
Oddvita falið að teikna upp bletti til þess að malbika.
Þjónustufulltrúa falið að senda út erindi til íbúa og fasteignareigendur.

Borið upp og samþykkt.

8. Fulltrúar Kaldrananeshrepps í fulltrúaráð

Samkvæmt samningi um sérhæfða Velferðarþjónustu á Vestfjörðum þarf hvert aðildarsveitarfélag að tilnefna tvo fulltrúa í fulltrúaráð.

Ráðið fundar a.m.k. einu sinni á ári og fer með stefnumótun málaflokkanna tveggja sem heyra undir þjónustuna.

Sveitarstjórn ákveður að tilnefna Finn Ólafsson, oddvita og Hildi Aradóttur, vara oddvita.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

9. Bakvaktir barnaverndarþjónustu á Vestfjörðum

Undanfarna mánuði hafa sviðs- og félagsmálastjórar á Vestfjörðum unnið að sameiginlegum verkefnum vegna ákvörðunar um samvinnu sveitarfélaga á sviði barnaverndar og málefni fatlaðra, með Ísafjarðarbæ sem leiðandi sveitarfélag.

Lagt er til við aðildarsveitarfélög Velferðarþjónustu Vestfjarða að bakvaktir í barnavernd verði sameiginlegar fyrir félagsþjónustusvæðin.

Erindi lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn samþykkir erindið.
Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

10. Áskorun Sambands íslenskra sveitarfélaga til sveitarfélaga

Áskorun barst til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024. En þar er skorað á sveitarstjórnir til þess að taka þátt og sína samstillt átak til að liðka fyrir gerð langtímakjarasamninga til að kveða niður vexti og verðbólgu.

Áskorun lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn ákveður að skólamáltíðir grunnskólabarna verða gjaldfrjálsar frá 1. ágúst nk.
Sveitarstjórn mun leita leiða til þess að bjóða nemendum grunnskólans á Drangnesi upp á skólamáltíðir á næstaskólaári.
Borið upp og samþykkt.

11. Bréf frá umboðsmanni barna

Bréf barst frá umboðsmanni barna þar sem hann vill skora á sveitarfélög landsins að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að bæta hljóðvist í leik- og grunnskólum.
Samkvæmt 24. gr. Barnasáttmálans, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, eiga börn rétt á að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og að lifa í heilnæmu og öruggu hverfi.

Bréf lagt fram til kynningar.

12. Styrktarbeiðni Strandapóstisins

Hreppnum barst fyrirspurn þar sem athugað er hvort áhugi væri fyrir því að kaupa heilsíðuauglýsingu í Strandapóstinum, sem kemur út í vor. Heilsíða kostar 30.000 kr.-

Beiðni lögð fyrir.
Sveitarstjórn ákveður að taka tilboðinu og felur þjónustufulltrúa að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

13. Styrktarbeiðni Víkingansins 2024

Víkingurinn 2024 vill kanna áhuga Kaldrananeshrepps á að taka þátt í verkefni þeirra sem áður hét „Vestfjarðavíkingurinn“. Áætlunin er að heimsækja fjögur sveitarfélög sumarið 2024 og vera með tvær keppnisgreinar í hverju sveitarfélagi.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.

Borið upp og samþykkt.

14. Styrktarbeiðni Lands og sögu – Icelandic Times

Styrktarbeiðni barst frá Land og sögu – Icelandic Times sem mun senda frá sér næstu útgáfu af tímaritinu sínu fljótlega. Þar verður fjallað um Ísland, íslenska náttúru, orkumál, viðskipti, verslun, listir og fleira.

Boðið er upp á umfjallanir í nokkrum stærðum og margskonar kynningar í samvinnu við viðskiptavinum.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.

Borið upp og samþykkt.

15. Beiðni Ferðafélagans

Lögð er fram beiðni frá Ferðafélaganum 2024 en Ferðafélaginn er upplýsinga og leiðbeiningarit fyrir ferðamenn á vegum úti sem Íþróttasamband Lögreglumanna og Íslenska lögregluforlagið gefa út síðan 1984.

Kannaður er áhugi sveitarfélagsins til þess að kaupa auglýsingu í blaðinu en hægt er að kaupa margskonar auglýsingar.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.

Borið upp og samþykkt.

16. Verkefnastaða iðnaðargarðs

Oddviti gerir grein fyrir verkefnastöðu iðnaðargarðs í Kokkálsvík en í lok árs 2023 var gerður samningur við Fjórðungssamband Vestfirðinga um framkvæmdir við iðnaðar- og þróunarsvæði á Drangnesi.

Meginmarkmið með samningnum var að styðja við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun og einhæft atvinnulíf, færa heimamönnum aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna og tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun.

Verkefnastaða lögð fram til kynningar. .

17. Erindi varðandi bundið slitlag í Kaldrananeshreppi

Erindi barst frá landeigendum til Vegagerðarinnar varðandi bundið slitlag í Kaldrananeshreppi en óskað er eftir því að leggja bundið slitlag óslitið frá Drangnesi að Bakkagerði (2,3 km).

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn fagnar þessu frumkvæði og styður það eindregið.

Oddvita falið að senda ítrekun á Vegagerðina.

Borið upp og samþykkt.

18. Styrktarbeiðni fyrir útsýnisskilti

Beiðni barst um styrk vegna uppsetningar útsýnisskiltis á Ennishálsi. Skiltið verður sett upp þar sem útsýni er best til allra átta norður yfir Strandir, yfir til Skagafjalla og allt suður á Eiríksjökul.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og ákveður að óska eftir frekari upplýsingum á fyrirhuguðum kostnaði.

Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 22:40